

við frv. til 1. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 10. gr.
 - a. Töluliður 2 orðist svo:

Kr. 18.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað minnst annan mánuð.
 - b. Töluliður 3 falli niður.
2. Við 12. gr. 3. másl. orðist svo:

Í samþykkt sé meðal annars kveðið á um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu sjaldnar vera en annan hvern mánuð, spjaldskrárfærslu þeirra kúa, sem á skýrslu eru, og hvernig jafna skuli niður kostnaði, sem leiðir af samþykktinni.
3. Við 17. gr. Í stað orðsins „afköst“ í fyrri málsgr. komi: afurðir.
4. Við 18. gr. Töluliður 2 orðist svo:

Að haldnar séu afurða- og vigtarskýrslur um allt félagsféð.
5. Við 64. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprilmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjäreigandi telur sig hafa.
6. Við 65. gr. Greinin orðist svo:

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun á hausti, gerir hann skýrslu um tölu búpenings, ásetning, fóðrun og fyrningar á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal skýrsla þessi gerð í tvíriti, og undirritar forðagæzlumaður bæði eintökin og einnig trúnaðarmaður viðkomandi búnaðarsambands. Forðagæzlumaður heldur öðru eintaki skýrslunnar til eigin nota og varðveizlu, en hitt eintakið sendir hann Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni skoðun.

Þá er forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsgr. 64. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá næstliðnu hausti og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Hreppsnefnd semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.
7. Við 66. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er sveitarfélagi að stofna fóðurbirgðafélag. Tilgangur fóðurbirgðafélags er að tryggja það, að til sé á haustnóttum sá fóðurforði fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í harðasta vetri, hafa eftirlit með því, að það sé þannig fóðrað og hirt, að því líði sem bezt og gefi sem mestan arð.

Stjórn fóðurbirgðafélags sér um, að fóðurbirgðir séu skoðaðar eins oft og þurfa þykir. Skal hin fyrsta skoðun ætíð fara fram fyrir 1. nóvember, sbr. 64. gr.
8. Við 72. gr. Fyrir „68. gr.“ komi: 69. gr.
9. Við 73. gr. Síðasti másl. falli burt.